

Ársskýrsla Kvenréttindafélags Íslands 2018

Yfirlit yfir starfsárið

Hallveigarstaðir, Reykjavík, 8. apríl 2019

Kvenréttindafélag Íslands hélt áfram að dafna á árinu 2018. Hæst bar svokallað Kynjaping sem Kvenréttindafélagið stóð í fyrsta skipti fyrir, þar sem samtökum og hópum sem berjast fyrir jafnrétti og mannréttindum gefst tækifæri til að halda viðburði og kynna starf sitt. Kynjapinginu er ætlað að vera öflugur samstarfsvettvangur fyrir almannaheillasamtök hér á landi og stendur til að halda það árlega í framtíðinni.

Á árinu var samþykkt ný stefnuskrá Kvenréttindafélagsins sem unnin var upp úr hugmyndum sem komu fram á félagsfundi á Kynjapingi. Nýja stefnuskráin lýsir þeim grundvallargildum sem félagið stendur fyrir:

Markmið Kvenréttindafélags Íslands er að vinna að kvenréttindum og jafnri stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Félagið leggur áherslu á mannréttindi í víðum skilningi og vinnur gegn hvers konar mismunun.

Til þess að ná fram þessum markmiðum stefnir félagið á að taka þátt í samfélagslegri umræðu með virkum hætti og einbeita sér að eftirfarandi verkefnum og áherslum, sem hafa skýr femínísk markmið og víða samfélagslega skírskotun.

Grundvallarréttindi

Við höfum öll grundvallarrétt til lífs og líkama. Kvenréttindafélag Íslands beitir sér fyrir því að tryggja ákvörðunarrétt fólks yfir eigin líkama. Félagið beitir sér gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi á öllum sviðum.

Kvenréttindafélagið vinnur að félagslegum réttindum kvenna

Félagið beitir sér fyrir því að tryggja kynja- og jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum og að brjóta upp kynjakerfið. Félagið gætir að samvinnun félagslegra breytna við ákvarðanatöku og hefur það ávallt í huga að jafnréttishugtakið breytist í takt við tímann.

Kvenréttindafélagið vinnur að stjórnmalalegum réttindum kvenna

Félagið beitir sér fyrir því að styrkja stöðu kvenna í stjórnálum og opinberum embættum og fyrir fjölgun kvenna í stjórnálum, opinberum embættum og dómskerfinu. Félagið beitir sér fyrir jafnrétti í opinberri stjórnsýslu, s.s. með samþættingu kynjaðra sjónarmiða og kynjaðri fjárhagsgerð.

Kvenréttindafélagið vinnur að efnahagslegum réttindum kvenna

Félagið beitir sér fyrir fjárhagslegu sjálfstæði kvenna, að tryggja stöðu kvenna og bæta kjör þeirra í hvívetna óháð fötlun, aldri, búsetu, uppruna, litarhætti, kynhneigð, kynvitund og skoðana. Félagið beitir sér fyrir því að uppræta kjaramun kynjanna. Félagið beitir sér fyrir betra fæðingarorlofskerfi og styttingu vinnuviku með jafnréttissjónarmið að leiðarljósi. Félagið beitir sér gegn ofbeldi og áreitni á vinnumarkaði. Jöfn kjör og jöfn laun STRAX!

Ótal sögum af áreitni og ofbeldi á vinnumarkaði var deilt á samfélagsmiðlum á árinu undir myllumerkinu #MeToo og starfaði félagið af fullum krafti að þeim málum. Kvenréttindafélagið hélt þjóðfund #MeToo-kvenna á vormánuðum í samstarfi við heildarsamtök launafólks og gaf í kjölfarið út skýrslu þar sem áskorunum kvennanna til stéttarféлага, atvinnurekenda, stjórnvalda og samfélagsins komu fram. Kvenréttindafélagið stofnaði einnig vinnuhóp í samvinnu við samtök launafólks, samtök kvenna og stjórnvöld til að ræða aðgerðir gegn kynbundinni áreitni og ofbeldi og ársrit Kvenréttindafélagsins *19. júní var helgað #MeToo-umræðu þar sem yfirlýsingar #MeToo-hópa voru endurprentaðar.*

Undir lok árs, 24. október, kallaði Kvenréttindafélagið ásamt fjölda annarra samtaka kvenna og launafólks á verkfall kvenna úti um allt land til að mótmæla kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum og viðvarandi kjaramun kynjanna. Kvennafrí 2018 var haldið undir yfirskriftinni „Breytum ekki konum, breytum samfélaginu“.

Aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands var haldinn 29. maí 2018. Á aðalfundi var kosið um þrjú sæti í stjórn og þrjú sæti í varastjórn Kvenréttindafélagsins. Ellen Calmon, Helga Dögg Björgvinsdóttir og Hildur Helga Gísladóttir voru kosnar í stjórn sem aðalmenn og í varastjórn voru kosnar Katrín Júlíusdóttir, Sunna Gunnars Marteinsdóttir og Vilborg Ólafsdóttir. Dagný Ósk Aradóttir Pind, Steinunn Stefánsdóttir og Tatjana Latinovic sitja áfram í stjórn félagsins og formaður er Fríða Rós Valdimarsdóttir. Esther Guðmundsdóttir og Margrét Steinarsdóttir voru kjörnar skoðunarmenn reikninga.

Stjórn Kvenréttindafélagsins samþykkti á stjórnarfundi 8. október nýja persónuverndarstefnu Kvenréttindafélagsins, sett í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsingar nr. 90/2018 sem tóku gildi 15. júlí 2018.

Kvenréttindafélag Íslands og velferðarráðuneytið gerðu árið 2017 með sér samning um að félagið sinni fræðslu og upplýsingagjöf um jafnrétti kynjanna á innlendum og erlendum vettvangi. Gilti samningurinn til 1. október 2018. Í júní 2018 funduðu Fríða Rós Valdimarsdóttir formaður, Tatjana Latinovic varaformaður og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra með Ásmundi Einari Daðasyni velferðarráðherra og kom fram á fundinum gagnkvæmur vilji beggja aðila til að endurnýja samninginn.

Haustið 2018 ákváðu stjórnvöld að færa jafnréttismál úr velferðarráðuneytinu yfir í forsætisráðuneytið og endurnýjun samningsins var þannig stefnt í hættu. Á stjórnarfundi í nóvember 2018 sá stjórn Kvenréttindafélagsins sig knúna til að samþykkja að segja upp starfsmanni félagsins, Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur, þar sem ekki var búið að tryggja fjármögnun fyrir áframhaldandi samstarfssamningi við stjórnvöld. Fríða Rós Valdimarsdóttir og Tatjana Latinovic funduðu með fulltrúum forsætisráðuneytisins í nóvember 2018 og janúar 2019 og í kjölfarið var skrifað undir samstarfssamning Kvenréttindafélagsins við forsætisráðuneytið 6. febrúar 2019 um að félagið sinni fræðslu, námskeiðshaldi og upplýsingagjöf um jafnrétti

kynjanna á innlendum og erlendum vettvangi. Gildir samningurinn til 15. febrúar 2020 og hljóðar upp á tíu milljón krónur á ári.

Samkvæmt samningnum skal Kvenréttindafélagið standa fyrir opnum fundum og sinna árlegri útgáfu tímaritsins 19. júní, útgáfu námsefnis um jafnréttismál á rafrænu formi eða prenti og gerð upplýsingaefnis á íslensku og ensku til birtingar á vefsvæði félagsins. Auk almennrar fræðslu skal Kvenréttindafélagið m.a. standa að:

- Námskeiði á tveggja ára fresti fyrir konur, þar á meðal konur af erlendum uppruna, um efnahagsleg, félagsleg menningarleg, borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, með það að markmiði að auka þátttöku allra kvenna í umræðu og starfi á opinberum vettvangi.
- Árlegum samráðsfundum með konum á Alþingi og í sveitarstjórnunum um leiðir til að auka þátttöku kvenna og styrkja stöðu þeirra á vettvangi stjórnmálanna.
- Árlegum samráðsfundum með kennurum sem kenna kynja- og jafnréttisfræði á öllum skólastigum í því augnamiði að auka þekkingu og færni kennara á sviði jafnréttismála.
- Árlegu kynjaþingi frjálsra félagasamtaka á sviði jafnréttismála.

Ljóst er að stuðningur stjórnvalda er nauðsynlegur til að tryggja öflugt starf Kvenréttindafélags Íslands en félaginu hefur ekki tekist að fjármagna starf starfsmanns í fullu starfshlutfalli með félagsgjöldum og tilfallandi styrkjum.

Í Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Pekingsáttmálanum eru stjórnvöld hvött til að tryggja kvennasamtökum fjármagn og tækifæri til að taka þátt í stefnumótun á landsvísu og á alþjóðavettvangi. Var þetta ítrekað af norrænu kvannahreyfingunni á Nordiskt Forum 2014 en stjórnvöldum á Íslandi, í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð voru afhentar niðurstöður fundarins. Var þess m.a. krafist að norrænu ríkisstjórnirnar fjármagni frjáls félagasamtök í kvannahreyfingunni að jöfnu við önnur frjáls félagasamtök svo að femínismi hafi raunveruleg áhrif á samfélagsumræðuna og að jafnrétti kynjanna náist í samfélagi okkar. Einnig var sett fram sú krafa að norrænu ríkisstjórnirnar styðji samnorrænt samstarf kvennasamtaka og styrki það fjárhagslega og á allan máta.

Starfsmenn Kvenréttindafélagsins

Hjá Kvenréttindafélag Íslands er einn starfsmaður í 100% starfi. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hefur gegnt starfi framkvæmdastýru félagsins síðan í nóvember 2011.

Innlend verkefni 2018

Fundir og hátíðir á árinu

Árið 2018 stóð Kvenréttindafélag Íslands fyrir 15 viðburðum, bæði eitt og í samvinnu við önnur félög, og hélt ávörp og erindi á 3 viðburðum sem skipulagðir voru af öðrum aðilum.

Leitast er við að streyma þeim fundum sem hægt er á netinu og gera upptökur af þeim aðgengilegar í kjölfar fundanna. Einnig er leitast við að halda fundi á þeim stöðum þar sem aðgengi fatlaðra er sem greiðast og bjóða upp á táknmálstúlkun fyrir þá sem þurfa. Takmarkað

aðgengi er að fundarsal Kvenréttindafélagsins á Hallveigarstöðum en þar er stólalyfta sem tekur 225 kg.

Kvennafrí og jafnrétti á Íslandi, 17. janúar

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hélt erindi um kvennafrí, jafnlaunastaðal og kynjajafnrétti á Íslandi á ráðstefnu hollenskra og íslenskra viðskiptakvenna sem skipulögð var af VNO NCW, samtökum hollenskra kvenna í atvinnulífinu.

Samtal við #metoo konur – Hvað getum við gert?, 10. febrúar

Kvenréttindafélagið, Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands buðu #MeToo-konum á þjóðfund um næstu skref byltingarinnar. Í kjölfar fundarins var gefin út skýrslan *Samtal við #MeToo konur: hvað getum við gert?* sem unnin var úr ábendingum fundargesta. Þar kemur fram sú krafa að allir taki þátt í því að laga samfélagið. Stéttarfélag, atvinnurekendur, stjórnvöld og samfélagið allt þurfa að bregðast við #MeToo-umræðunni og grípa tafarlaust til aðgerða.

Femínískar kosningar, samráðsfundur með konum á Alþingi, 3. mars

Kvenréttindafélagið hélt á Kynjaþingi umræðu- og samráðsfund um stöðu kvenna í stjórnámálum á Íslandi. Fulltrúar stjórnmalaflokka á þingi tóku þátt í umræðum: Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menntamálaráðherra frá Framsóknarflokknum, Oktavía Hrund Jónsdóttir, varaþingkona Pírata, Rósa Björk Brynjólfsdóttir, alþingismaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, Sigrún Skaftadóttir, formaður Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar, Vala Pálsdóttir, formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna, Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, varaþingmaður Viðreisnar og Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Miðflokksins. Sigríður Dögg Auðunsdóttir stýrði umræðum.

Human Trafficking in Iceland, 3. mars

Kvenréttindafélagið hélt á Kynjaþingi málþing um mansal á Íslandi í samstarfi við samtökin Stop the Traffik. Logan Smith, þolandi mansals, sagði frá reynslu sinni. Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands, og Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, brugðust við fyrirlestrinum. Fundarstjóri var Fríða Rós Valdimarsdóttir.

Áherslur í stefnu Kvenréttindafélagsins, 3. mars

Kvenréttindafélagið hélt á Kynjaþingi hugmyndaflugsfund til að ákveða áherslur í starfi Kvenréttindafélagsins sem var aðeins fyrir skráða félaga. Hugmyndirnar sem fram komu voru notaðar til hliðsjónar við ný drög að stefnuskrá félagsins sem var lögð fram á aðalfundi 29. maí 2018.

Konur gegn kúgun, 8. mars

Kvenréttindafélagið stóð að baráttufundi á alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti, 8. mars, undir yfirskriftinni „Konur gegn kúgun“. Fundurinn var haldinn í samstarfi við Menningar- og friðarsamtökin MFÍK, Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Samtök hernaðarandstæðinga, Kvennahreyfingu ÖBÍ, Alþýðufylkinguna, BSRB, Kvennaathvarf, SFR – stéttarfélag í almannajónustu, Kennarasamband Íslands, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

og Félagsráðgjafafélag Íslands. Til máls tóku Hildur Lilliendahl, Sólrún María Ólafsdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Erna Lína Örnudóttir, Freyja Haraldsdóttir, Anna Marjankowska og Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir. Hljómsveitin Gróa spilaði. Drífa Snædal var fundarstjóri.

Jafnréttisþing, 7.–8. mars

Fulltrúar Kvenréttindafélagsins tóku þátt í viðburðum á Jafnréttisþingi sem skipulagt var af stjórnvöldum. Tatjana Latinovic tók þátt í pallborðsumræðum um útvíkkun jafnréttisstarfs og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir tók þátt í pallborðsumræðum um kynjaða fjárlagagerð og samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun.

Digital Gender Violence and Hate Speech: Role of Men, the Legislator and the Implications for Democracy, 12. mars

Kvenréttindafélagið stóð að hliðarviðburði á CSW62, fundi Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York, ásamt velferðarráðuneytinu, Alþingi og UN Women. Efni fundarins var stafrænt kynferðisofbeldi og til máls tóku Ásmundur Einar Daðason félags- og jafnréttismálaráðherra, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir þingmaður, María Rún Bjarnadóttir lögfræðingur og Unnsteinn Manuel Stefánsson kvikmyndagerðarmaður. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra Kvenréttindafélagsins var fundarstjóri.

#NordicFeminisms – Dispatches from the North, 15. mars

Kvenréttindafélagið skipulagði viðburð á NGO-CSW62 í samstarfi við Kvinderådet í Danmörku, NYTKIS í Finnlandi, Norges Kvinnelobby í Noregi og Sveriges Kvinnolobby í Svíþjóð. Sagt var frá árangri og áskorunum í jafnréttisbaráttu á Norðurlöndunum frá sjónarhóli kvennahreyfingarinnar. Til máls tóku Signe Vahlun frá Kvindesamfundet í Danmörku, Merja Vuohelainen frá NYTKIS í Finnlandi, Fríða Rós Valdimarsdóttir frá Kvenréttindafélaginu, Turid Lilleheie frá Norsk kvinnesaksforening og Clara Berglund frá Sveriges Kvinnolobby. Sonja Ýr Þorbergsdóttir var fundarstjóri.

Kvenréttindadagurinn, 19. júní

Árlegur baráttufundur var haldinn á Hallveigarstöðum, skipulagður af Kvenréttindafélaginu í samstarfi við Bandalag kvenna í Reykjavík og Kvenfélagasamband Íslands. Á fundinum var sett upp leikritið *Föregångerskan* eða *Þær sem mörkuðu leiðina*, sænskur einleikur um baráttuna fyrir kosningarétti kvenna og ævi súfragettunnar Gulli Petrini. Leikari var Catherine Westling, höfundur Karin Enberg og leikstjóri Lisa Lindén. Þann sama dag las Fríða Rós Valdimarsdóttir upp ritningarorð í kvennamessu Kvennakirkjunnar.

Kynjafræði á öllum skólastigum, samráðsfundur með kennurum, 5. október

Kvenréttindafélagið hélt samráðsfund með kennurum í kynjafræði á framhaldsskólastigi 5. október 2018. Fundurinn var lokaður en umræðuefni hans var hvernig félagið gæti betur stutt við kennslu í kynjafræði, hvernig væri hægt að efla vægi kynjafræðikennslu í kennaramenntun og auka úrval námsefnis í kynjafræði. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir stýrði fundinum.

Kvennafrí, 24. október

Boðað var til baráttufunda á kvennafrí 24. október í kjölfar frásagna kvenna um kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustað sem deilt var á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #MeToo.

Fundurinn var haldinn undir slagorðinu „Breytum ekki konum, breytum samfélaginu“. Fundir voru haldnir á Akureyri, Bifröst, Borgarnesi, Dalvík, Grundarfirði, Ísafirði, Mývatnssveit, Neskaupstað, Ólafsvík, Patreksfirði, Reyðarfirði, Selfossi, Skaftárhreppi, Skagaströnd og Varmahlíð en stærsti fundurinn var haldinn á Amarrhóli í Reykjavík.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir sat í undirbúningshópi Kvennafrís fyrir hönd Kvenréttindafélags Íslands. Verkefnastjóri baráttufundar á Austurvelli var Marianna Clara Lúthersdóttir og Kvenréttindafélagið bauð henni vinnuaðstöðu á skrifstofu sinni á Hallveigarstöðum.

Heimsping kvenleiðtoga, 26.–28. nóvember

Heimsping WPL – Women Political Leaders var haldið í Hörpu dagana 26.–28. nóvember, í annað skipti hér á landi. Yfirskrift þingsins var „We Can Do It“? sem vísar til þess að hægt sé að ná fram breytingum og stuðla að betri heimi með því að tryggja aðkomu kvenna og karla að ákvarðanatöku, stefnumótun og forystu. Stefnt er að því að halda þetta þing a.m.k. þrisvar sinnum í viðbót, árin 2019, 2020 og 2021, en þingið er styrkt af ríkisstjórn Íslands og Alþingi. Kvenréttindafélag Íslands, ásamt UN Women á Íslandi, Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík, voru samstarfsaðilar heimspingsins og sérstakir bakhjarlar voru fyrirtækin Icelandair, Íslandsbanki, Landsvirkjun, Eimskip, HB Grandi, Marel, Valitor, Alcoa, EFLA verkfræðistofa, Deloitte og Capacent.

Kvenréttindafélagið bauð þingkonum til hádegisverðar í aðdraganda heimspingsins þar sem þingkonum Kvennalistsins 1983–1998 var einnig boðið. Þinghald heimspingsins var lokað almenningi og stóðu vonir til að Kvenréttindafélagið gæti skipulagt opinn fund með alþjóðlegum gestum þingsins en ekki gafst tími til þess.

Fullvalda konur og karlar, 1.–16. desember

Kvenréttindafélag Íslands opnaði 1. desember hreyfimyndasýninguna „Fullvalda konur og karlar“ í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis þjóðarinnar. Kvikuðum myndum var varpað á tjald í glugganum á Borgarbókasafninu í Kvosinni í miðbæ Reykjavíkur og var sýningin aðgengileg vegfarendum eftir sólsetur.

Sýningin hampaði þeim sem börðust fyrir fullveldi og stjórnáráttindum Íslendinga, konum og körlum, og varpaði ljósi á mikilvægan þátt kvenna í sjálfstæðisbaráttunni. Fullveldi og sjálfstæði Íslendinga væri óhugsandi án þeirrar miklu baráttu sem átti sér stað um aldamótin 1900 fyrir stjórnáráttindum og kosningarétti kvenna. Á sýningunni var sagt frá Jóni Sigurðssyni (1811–1879), Þorbjörgu Sveinsdóttur (1827–1903), Bríeti Bjarnhéðinsdóttur (1856–1940), Skúla Thoroddsen (1859–1916), Hannesi Hafstein (1861–1922), Theodóru Thoroddsen (1863–1954), Bjarna Jónssyni frá Vogu (1863–1926), Einari Benediktssyni (1864–1940), Guðrúnu Pétursdóttur (1878–1963) og Laufeyju Vilhjálmsdóttur (1879–1960).

Hægt er að sjá vefútgáfu sýningarinnar á vef Kvenréttindafélagsins, <http://kvenrettindafelag.is/fullvalda-konur-og-karlar>, en þar er einnig búið að taka saman leslista fyrir þá sem hafa áhuga á að fræðast meira um fólkið sem um ræðir.

Sýningin var gerð af Þóreyju Mjallhvíti og handrit skrifaði Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir. Fullveldissjóður styrkti gerð sýningarinnar og Borgarbókasafn styrkti uppsetningu.

„Minna hot í ár“. Málþing um stjórn málaumræðu, annó 2018, 5. desember

Kvenréttindafélag Íslands stóð fyrir málþingi um kvenfyrirlitningu, þöggun og tvískinnung í íslenskri stjórn málaorðræðu ásamt Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands (RIKK) í Veröld – húsi Vigdísar. Þar var m.a. fjallað um hæfni feðraveldsins til þess að laga sig að nýjum tímum, birtingarmyndir kynjafordóma, fötlunarfyrirlitningu og hatursorðræðu stjórn málamanna, hvort og hvernig ferðaveldið sé að bregðast við #MeToo-byltingunni og hvort enn sé lítið á konur sem aðskotahlut í stjórn málum.

Frummælendur voru fræðimennirnir Irma Erlingsdóttir, dósent og forstöðumaður RIKK, EDDU og Alþjóðlegs jafnréttisskóla, Ragnheiður Kristjánsdóttir, dósent í sagnfræði, Erla Hulda Halldórsdóttir, dósent í kvenna- og kynjasögu, Ragnhildur Helgadóttir, forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík, Stefanía Óskarsdóttir, dósent í stjórn málafræði, Henry Alexander Henrysson, aðjunkt við heimspeki- og sagnfræðideild, Silja Bára Ómarsdóttir, dósent í alþjóðasamskiptum, Þorgerður Þorvaldsdóttir, doktor í kynjafræði, Eyja Margrét Brynjarsdóttir, aðjunkt í heimspeki, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, sagnfræðingur, og Dagný Kristjánsdóttir, deildarforseti í íslensku- og menningardeild.

Í pallborðsumræðum tóku þátt Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, Þorsteinn Víglundsson, alþingismaður og fyrrverandi jafnréttisráðherra, Helga Vala Helgadóttir, formaður stjórn skipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, Halldóra Mogensen, formaður velferðarnefndar Alþingis, Silja Dögg Gunnarsdóttir, alþingismaður, og Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, formaður framkvæmdastjórnar Samfylkingarinnar og baráttukona fyrir réttindum fatlaðs fólks.

Annadís Greta Rúdólfssdóttir, dósent við Menntavísindasvið HÍ, stýrði pallborðsumræðum og fundarstjóri var Tatjana Latinovic, varaformaður Kvenréttindafélags Íslands.

NWEC Global Seminar, 7. desember

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir flutti heiðursfyrirlestur á NWEC Global Seminar í Tokyo undir yfirskriftinni „Creating a Gender Equal Future, Together! – Lessons from Iceland“. Fyrirlesturinn var skipulagður af NWEC, National Women’s Education Center of Japan. Elín Flygering, sendiherra Íslands í Japan, ávarpaði jafnframt fundinn. Einnig fluttu erindi Tomohiro Takami, sérfræðingur í efnahags- og vinnumálaráðuneyti Japans, Kimiko Kubo, framkvæmdastýra ICHIKAWA Fusae Center for Women and Governance, og Kimio Ito, prófessor emeritus við Kyoto háskólann. Brynhildur tók þátt í pallborði ásamt Takami, Kubo og Ito og Masami Ochi stýrði umræðum.

70 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, 10. desember

Í tilefni af 70 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna stóðu samræðuvettvangur um mannréttindi, þar á meðal Kvenréttindafélag Íslands og stýrihópur Stjórnarráðsins um mannréttindi, að hátíðarfundi í Veröld – húsi Vigdísar mánudaginn 10. desember. Til máls tóku Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra, Björg Thorarensen, prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands, og Jón Atli Benediktsson.

Í pallborði um stöðu mannréttinda á Íslandi og alþjóðavettvangi sátu Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, Silja Bára Ómarsdóttir, dósent við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, Þórlindur Kjartansson, pistlahöfundur hjá Fréttablaðinu,

Hanna Katrín Friðriksson, þingkona, og Björg Thorarensen, prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands. Umræðum stýrði Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans.

Michael Mann, sendiherra ESB á Íslandi, og Vilborg Davíðsdóttir, varaformaður Rithöfundasambands Íslands, kynntu sigurvegara smásagnasamkeppni vegna 70 ára afmælis Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Jökull Ingi Þorvaldsson, Sunneva Björk Birgisdóttir og Einar Hrafn Árnason spjölluðu um mikilvægi mannréttinda fyrir komandi kynslóðir.

Um kvöldið var boðið til ókeypis sýningar á heimildarmyndinni *Hreinsunardeildin (The Cleaners)* þar sem varpað var fram spurningum um hver stjórn netinu og því hvernig við hugsum. Að lokinni sýningu voru umræður með Heiðísi Lilju Magnúsdóttur, lögfræðingi hjá Fjölmíðlanefnd, og Smára McCarthy, alþingismaðni.

Oddhvassir blýantar, 13. desember 2018–20. janúar 2019

Alþjóðlega skopmyndasýningin *Oddhvassir blýantar* um kvenréttindi og málfrelsi opnaði í Gerðubergi 13. desember 2018 og stóð yfir til 20. janúar.

Hugmyndin að sýningunni kviknaði í kjölfarið #MeToo-byltingarinnar en að henni stóðu frönsku samtökin Le Crayon, sem upphaflega voru stofnuð til að vernda og myndlýsa málfrelsi, í samstarfi við France-Cartoons, samtök franskra skopmyndateiknara, og alþjóðlegu teiknimyndahátíðina L'Estaque. Höfundar skopmyndanna eru teiknarar sem starfa úti um allan heim, sumir hverjir í löndum þar sem listin leggur frelsi þeirra að veði. Á sýningunni var að finna myndir frá listamönnum frá Bandaríkjunum, Bangladess, Barein, Belgíu, Bretlandi, Búrkína Fasó, Egyptalandi, Frakklandi, Gabon, Hollandi, Indlandi, Íran, Ísrael, Kanada, Kína, Kólumbíu, Kúbu, Mexíkó, Níkaragva, Sviss, Sýrlandi, Tyrklandi og Úsbekistan.

Kvenréttindafélagið stóð að sýningunni í samstarfi við franska sendiráðið á Íslandi og Borgarþókasafnið styrkti uppsetninguna í Gerðubergi. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir þýddi sýninguna á íslensku og Pórey Mjallhvít sá um uppsetningu.

Tímaritið 19. júní

Ársrit félagsins, *19. júní*, kom út bæði í prentuðu formi og rafrænu. Blaðinu var dreift til félagsmanna og auglýsenda endurgjaldslaust. Sérstakt viðfangsefni tölublaðsins var #MeToo, kynferðisleg áreitni og ofbeldi á vinnumarkaði.

Guðrún Lára Pétursdóttir var ritstýra og með henni í ritnefnd sátu Aðalheiður Ármann, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, Guðrún Andrésdóttir, Gunnur Vilborg Guðjónsdóttir og Karina Hanney Marrero. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir sá um umbrot blaðsins. Edda Mac gerði forsíðu. Blaðið var prentað í Ísafold, umhverfisvottaðri prentsmiðju. Áslaug Jóhannesdóttir tók að sér að safna auglýsingum í blaðið fjórða árið í röð og gekk fjáröflun vonum fram. Í þriðja skiptið í röð reyndist félaginu kleift að greiða greinahöfundum fyrir vinnu sína. 20 bókasöfn eru áskrifendur að blaðinu.

Kvennafrí, 24. október 2018

Boðað var til baráttufunda á kvennafrí, 24. október, í kjölfar frásagna kvenna um kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustað sem deilt var á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #MeToo. Fundurinn var haldinn undir slagorðinu „Breytum ekki konum, breytum samfélaginu“.

Fundir voru haldnir á Akureyri, Bifröst, Borgarnesi, Dalvík, Grundarfirði, Ísafirði, Mývatnssveit, Neskaupstað, Ólafsvík, Patreksfirði, Reykjavík, Reyðarfirði, Selfossi, Skaftárhreppi, Skagaströnd og Varmahlíð.

Stærsti fundurinn var haldinn á Arnarhóli þar sem ávörp fluttu Jóhanna Sigurðardóttir, fyrrverandi forsætisráðherra, Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, Claudie Wilson, lögfræðingur hjá Rétti og Áslaug Thelma Einarsdóttir, baráttukona. Kvennakórarnir Vox feminae, Kötlurnar, Léttisveit Reykjavíkur og Múltíkúltí – fjölþjóðlegur sönghópur kvenna tóku lagið saman. Þá komu Reykjavíkurdætur fram, Karitas Mörtudóttir Bjarkadóttir flutti ljóð og leikkonurnar Aldís Amah Hamilton, Ragnheiður Steindórsdóttir og Esther Talía Casey fluttu örverk eftir Yrsu Þöll Gylfadóttur. Fundarstýrir voru Ilmur Kristjánsdóttir og Saga Garðarsdóttir. Á fundinum voru lesnar upp kröfur samstöðufunda kvenna á Íslandi til stjórnvalda, atvinnurekenda, stéttarféлага og samfélagsins alls.

Að baráttufundinum á Arnarhóli stóðu eftirfarandi samtök kvenna og launafólks: Aflið, Alpýðusamband Íslands, ASÍ-UNG, Bandalag háskólamanna, Bandalag kvenna í Reykjavík, BSRB, Delta Kappa Gamma – félag kvenna í fræðslustörfum, Druslubækur og doðrantar, Druslugangan, Efling, Eining-löja, Femínísk fjármál, Femínistafélag Háskóla Íslands, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, FKA – Félag kvenna í atvinnulífinu, Félag um Fjöruverðlaunin – bókmenntaverðlaun kvenna á Íslandi, IceFemIn – Icelandic Feminist Initiative, Jafnréttisfélag Háskólans í Reykjavík, Kennarasamband Íslands, Knúz.is, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennakirkjan, Kvennahreyfing ÓBÍ, Kvennaráðgjöfin, Kvennasögusafn Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, MFÍK, Rótin, Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Samtök um kvennaathvarf, Samtökin '78, Soroptimistasamband Íslands, Stelpur rokka!, Stígamót, Ungar athafnakonur, UN Women, VR, WIFT – Konur í kvikmyndum og sjónvarpi, W.O.M.E.N. in Iceland – Samtök kvenna af erlendum uppruna, Zontasamband Íslands.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir sat í undirbúningshópi Kvennafrís fyrir hönd Kvenréttindafélags Íslands. Sat hún einnig í starfshópi um kröfur kvennafrís og sá um ritstjórn yfirlýsingar baráttufundar á Austurvelli. Brynhildur sá einnig um uppsetningu á vefsíðunni kvennafrí.is og sá um ritstjórn vefsins og þýðingar á efni yfir á ensku. Kvenréttindafélagið skipulagði í aðdraganda kvennafrís tvo viðburði þar sem fólk gat málað skilti fyrir kvennafrí, 14. október í húsnæði BSRB og 21. október í húsnæði Eflingar.

Verkefnastjóri baráttufundar á Austurvelli var Maríanna Clara Lúthersdóttir og Kvenréttindafélagið bauð henni vinnuáðstöðu á skrifstofu sinni á Hallveigarstöðum.

Kynjaþing

Kvenréttindafélagið skipulagði Kynjaþing, heilsdagsráðstefnu sem hugsuð er sem samráðsvettvangur fólks og félagasamtaka sem starfa að jafnréttismálum og upplýsingaráðstefna fyrir almenning. Dagskrá var skipulögð af þátttakendum og hugmyndin er sú að auka samræður milli okkar sem er annt um jafnrétti í heiminum.

Kynjaþing átti upphaflega að eiga sér stað 28. október 2017 en þegar Alþingiskosningar voru boðaðar sama dag var ákveðið að fresta þinginu og var það haldið 3. mars 2018. Gekk þingið frábærlega. 29 samtök stóðu þar að kynningu eða viðburðum og um 300 gestir sóttu þingið sem haldið var í Tækniskólanum. Alls voru 26 viðburðir á þinginu.

Þau samtök sem stóðu að kynningu eða viðburðum á þinginu voru: Aflið, B.A.C.A - Bikers Against Child Abuse, Blátt áfram, Femínistafélag HÍ, Femínísk fjármál, Kvenfélagasamband Íslands, Kvinnahreyfing Viðreisnar, Kvinnahreyfing ÖBÍ, Kvinnaráðgjöfin, Kvinnasögusafn Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Landssamband Sjálfstæðiskvenna, #MeToo hópur kvenna af erlendum uppruna, Myndin af mér, Rótin, Samtök launafólks ASÍ, BHM, BSRB og KÍ, Samtök um kvennaathvarf, Samtökin '78, Soroptimistasamtök Íslands, Stelpur rokka!, Stop the Traffik: ACT Iceland, Stígamót, Tabú, WIFT – Konur í kvikmyndum og sjónvarpi og W.O.M.E.N. in Iceland – Samtök kvenna af erlendum uppruna.

Í lok þings var send út skoðanakönnun til þátttakenda og kom í ljós mikil ánægja með framtakið. Mikill meirihluti þátttakenda vill halda kynjaþing árlega og stefnir Kvenréttindafélagið að því að endurtaka leikinn haustið 2019.

Vinnuhópur um kjarajafnrétti í kjölfar kvennafrís

Kvenréttindafélag Íslands stofnaði árið 2018 vinnuhóp til að ræða kjarajafnrétti í víðum skilningi. Mun hópurinn vinna áfram með kröfur sem samþykktar voru á baráttufundi kvenna á Austurvelli á kvennafrídegnum 24. október 2016, kortleggja stöðu kynjanna á vinnumarkaði og á heimilum og móta nánari tillögur um úrbætur sem hægt er að leggja fyrir stjórnvöld. Formaður hópsins er Kristín Ástgeirsdóttir og starfsmaður hópsins er Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir.

Í vinnuhópnum sitja fulltrúar ASÍ, BHM, BSRB, Delta Kappa Gamma – félags kvenna í fræðslustörfum, Femínískra fjármála, Kennarasambandsins, Kvinnahreyfingar Viðreisnar, Kvinnahreyfingar ÖBÍ, Kvinnaráðgjafarinnar, Kvenréttindafélags Íslands, Soroptimistasambands Íslands, SSF og W.O.M.E.N. in Iceland – Samtaka kvenna af erlendum uppruna.

Vinnuhópurinn fundaði fimm sinnum á árinu 2018. Á fyrsta fundi 15. maí var starf hópsins skipulagt; á öðrum fundi 13. júní voru lífeyrismálin rædd en Sigríður Lilly Baldursdóttir, formaður Tryggingarstofnunar, og Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóðanna, sögðu frá kynjabilinu í eftirlaunakerfinu; á þriðja fundi 3. september mættu Herdís Sólborg Haraldsdóttir og Hlynur Hallgrímsson frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og sögðu frá kynjabilinu í skattkerfinu; á fjórða fundi 8. október ræddu Dagný Ósk Aradóttir Pind hjá Rafiðnaðasambandinu, Maríanna Traustadóttir hjá ASÍ, Sonja Ýr Þorbergsdóttir og Tatjana Latinovic hjá innflytjendaráði um kjaramálin; og á fimmta fundi 12. nóvember ræddu Rósmarý Úlfarsdóttir og Viðar Ingason hjá VR, Sigríður Ólafsdóttir hjá Eflingu og Þórunn Kjaran hjá VIRK um heilsu kvenna og vinnumarkaðinn.

Stefnt er að því að vinnuhópurinn standi að opnum fundi um kjaramál á árinu 2019, gefi út skýrslu um kjarajafnrétti með tillögum til úrbóta og útbúi efni til dreifingar á samfélagsmiðlum til vitundarvakningar um jöfn kjör kynjanna.

Vinnuhópar um aðgerðir í kjölfar #MeToo-frásagna

Kvenréttindafélagið tók þátt í tveimur vinnuhópum í kjölfar #MeToo-frásagna á árinu.

Kvenréttindafélagið fundaði nokkrum sinnum með ASÍ, BHM, BSRB og Kennarasambandi Íslands haustið 2017 og 2018 til að ræða viðbrögð við #MeToo-frásögnum. Skipulagði hópurinn þjóðþing #MeToo-kvenna þar sem þátttakendum í #MeToo-hópum á Facebook var boðið að

taka þátt í og var skrifuð skýrsla sem tók saman niðurstöður fundarins. Meðal niðurstaða var að atvinnurekendur þurfi að axla ábyrgð, vera virkir í umræðunni og grípa til sýnilegra aðgerða á vinnustöðum með þátttöku allra starfsmanna; að efla þurfi fræðslu og umræðu um heilbrigð samskipti, mörk og meðvirkni; að stéttarfélög eiga að vera leiðandi í umræðunni, virkja trúnaðarmenn, heimsækja vinnustaði og styðja þolendur innan vinnustaða og að stjórnvöld þurfa að breyta jafnréttislögum þannig að heimilt verði að sekta vinnustaði sem ekki sinna forvörnum og upprætingu kynbundinnar áreitni, kynferðislegrar áreitni og annars ofbeldis á vinnustöðum.

Kvenréttindafélagið skipulagði einnig í samstarfi við heildarsamtök launafólks og Félag kvenna í atvinnulífinu vinnuhóp um aðgerðir í kjölfar #MeToo-frásagna kvenna á vinnumarkaði. Á fundi vinnuhópsins mættu fulltrúar frá ASÍ, BHM, Bjarkarhlíð – miðstöð þolenda ofbeldis, BSRB, Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Félagi kvenna í atvinnulífinu, fjármálaráðuneytinu, Jafnréttisstofu, Kennarasambandi Íslands, Kjara- og mannauðssýslu ríkisins, Kvenréttindafélagi Íslands, Mannauði – félagi mannauðsfólks, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins, Sálfræðingafélagi Íslands, Vinnueftirliti ríkisins og VIRK – Starfsendurhæfingarsjóði. Hópurinn fundaði tvisvar á árinu, 11. júní og 7. september 2018, en lagði svo niður störf eftir að aðgerðarhópur á vegum stjórnvalda hafði verið stofnaður til að sinna sama málefni. Var ákveðið að hópurinn afhenti aðgerðarhópnum hugmyndir sínar og hittist aftur að nokkrum mánuðum liðnum þar sem farið yrði yfir framvindu mála og aðgerðarhópnum veitt aðhald.

Samráðsvettvangur um mannréttindamál

Í kjölfar heimsóknar fulltrúa Human Rights Watch til Íslands vorið 2018 var ákveðið að athuga hvort hægt væri að stofna samráðsvettvang almannaheillasamtaka um jafnréttindamál. Kvenréttindafélagið fundaði nokkrum sinnum á árinu 2018 með öðrum almannaheillasamtökum um samráð í tengslum við mannréttindi, sérstaklega í kringum 70 ára afmæli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúi félagsins tók svo sæti í sérstakri framkvæmdanefnd samráðsvettvangsins um skipulagningu viðburða í tengslum við afmælið ásamt fulltrúum frá Mannréttindaskrifstofu, Rauða krossinum, Amnesty, Barnaheill og Höfða friðarsetri. Vegleg afmælishátíð var haldin 10. desember.

Opið hús – Kvennaheimilið Hallveigarstaðir

Kvenréttindafélag Íslands býr svo vel að reka Kvennaheimilið Hallveigarstaði í samstarfi við Bandalag kvenna í Reykjavík og Kvenfélagasamband Íslands. Árið 2012 var farið í sérstakt átak til að nýta húsið í þágu kvenna og Kvenréttindafélagið kynnti Hallveigarstaði fyrir ýmsum hópum og veitti milligöngu um að þeir fengju ókeypis aðstöðu fyrir fundarhöld, viðburði og geymslu.

Félögin skipta rekstri hússins á milli sín, hvert félag sér um húsið í þrjú ár hverju sinni. Kvenréttindafélagið tók við rekstri hússins 2015 og 2018 tók Bandalag kvenna í Reykjavík við rekstri. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra sinnti rekstri Hallveigarstaða samhliða starfi sínu fyrir Kvenréttindafélag Íslands.

Ekki er fullt aðgengi að samkomusal Hallveigarstaða en stólalyfta sem tekur 225 kíló liggur niður í salinn. Mikill hugur var í stjórn Kvenréttindafélagsins að tryggja fullt aðgengi að húsinu í sinni stjórnartíð en tókst ekki. Á aðalfundi Kvennaheimilisins Hallveigarstaða 2018 var samþykkt eftirfarandi áskorun: „Aðalfundur Hallveigarstaða haldinn 17. maí 2018 skorar á hússtjórn

Hallveigarstaða að taka markvisst skref í að tryggja fullt aðgengi að Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum m.a. með því að setja upp lyftu.“

16 daga átak gegn ofbeldi gegn konum

Kvenréttindafélagið tók, í samstarfi við fjölda félagasamtaka hér á landi sem og erlendis, þátt í að skipuleggja 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi 25. nóvember–10. desember 2018.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra Kvenréttindafélagsins skrifaði grein í Fréttablaðið í tilefni átaksins, „Fullveldi fyrir alla?“, sem birtist 1. desember 2018.

Vefsíður Kvenréttindafélagsins

Heimasíða Kvenréttindafélagsins er vistuð undir léninu kvenrettindafelag.is en lénið krfi.is vísar á ensku útgáfu vefsíðunnar. Síðan er hönnuð af Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur, myndskreytt af Þóreyju Mjallhvíti og hýst hjá 1984. Nokkrar undirsíður eru vistaðar á síðunni, mmk.kvenrettindafelag.is sem varðveitir upplýsingar um Menningar- og minningarsjóð kvenna, nam.kvenrettindafelag.is sem hýsir námsefni fyrir framhaldsskólanema í kynjafræði og grunnskoli.kvenrettindafelag.is sem hýsir verkefni ætluð til kennslu í kynjafræði á grunnskólastigi. Kvenréttindafélagið heldur úti vefgátt þar sem erlendir gestir og blaðamenn geta nálgast upplýsingar um stöðu kvenna á Íslandi og jafnrétti kynjanna: kvenrettindafelag.is/useful-resources.

Félagið er heldur einnig utan um lénin kynjathing.is, kvennafri.is og feministinn.is.

Kvenréttindafélagið heldur út síðu á Youtube og stofnaði á árinu reikning á samfélagsmiðlinum Instagram. Fylgjendum Kvenréttindafélagsins á Facebook fjölga stöðugt og voru 4.046 í árslok 2018. Fylgjendur félagsins á Twitter voru 679 í árslok 2018.

Umsagnir

Kvenréttindafélagið skrifaði á árinu 13 umsagnir um frumvörp til laga, þingsályktunartillögur og endurskoðun nógildandi laga. Fulltrúar félagsins mættu einnig á fundi nefnda Alþingis í kjölfar umsagna þegar þess var óskað.

Umsögn um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof (fæðingarhjálp)

19. janúar 2018 skilaði Kvenréttindafélag Íslands umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof þar sem foreldrum sem þurfa að dvelja utan heimilis til að vera í öruggri nálægð við fæðingarhjálp er heimilt að hefja fæðingarorlof allt að þremur vikum fyrir áætlaðan fæðingardag.

Kvenréttindafélagið studdi lagabreytinguna og gerði ekki efnislegar athugasemdir við einstakar greinar.

Umsögn um afnám skerðingar ellilífeyris vegna atvinnutekna

19. janúar 2018 skilaði Kvenréttindafélag Íslands umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar um afnám skerðingar ellilífeyris vegna atvinnutekna.

Kvenréttindafélagið studdi þessa breytingu í grundvallaratriðum en hvatti þó til þess að framkvæmd verði kynjagreining á áhrifum frumvarpsins.

Umsögn um breytingu á almennum hegningarlögum (kynferðisbrot)

23. janúar 2018 skilaði Kvenréttindafélag Íslands inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, kynferðisbrot, þar sem lögð var til breyting á 194. grein hegningarlaganna sem tekur á nauðgunum. Í frumvarpinu var lagt til að nauðgun sé skilgreind út frá samþykki.

Kvenréttindafélagið fagnaði frumvarpinu og þeirri áherslu á kynfrelsi og sjálfsákvörðunarrétt varðandi kynlíf, líkama og tilfinningalíf sem endurspeglast í því. Kvenréttindafélagið tók undir þau sjónarmið sem lýst er í greinargerð með frumvarpinu að áhersla á samþykki eða skort á því gæti breytt viðhorfum til kynferðisbrota og haft áhrif á umræðu um kynlíf almennt meðal fólks, ekki síst ungs fólks. Kvenréttindafélagið hvatti enn fremur til þess að skoðað yrði hvernig það hefur gefist í öðrum löndum að gera nauðgun af gáleysi refsiverða.

Umsögn um þjóðarsátt um bætt kjör kvennastétta

27. febrúar 2018 skilaði Kvenréttindafélag inn umsögn um þingsályktunartillögu um að fela fjármála- og efnahagsráðherra að leiða viðræður við aðila vinnumarkaðarins og Samband íslenskra sveitarfélaga um sérstakt átak, þjóðarsátt, um bætt launakjör kvennastétta.

Kvenréttindafélagið fagnaði tillögunni og benti á að launamun kynjanna verði ekki útrýmt nema með stórhuga og samstilltum aðgerðum samfélagsins alls. Félagið taldi að sú leið sem valin er í þingsályktunartillögunni, að gera sérstakan kjarasamning um kjör kvennastétta með samkomulagi við alla hagsmunaaðila, væri ákjósanleg leið til þess að minnka launamun kynjanna.

Umsögn um heildarendurskoðun jafnréttislaganna

28. febrúar 2018 skilaði Kvenréttindafélag Íslands inn umsögn um lög nr. 10/2008, jafnréttislög, í heild sinni, að ósk stjórnvalda.

Félagið fagnaði því að lögini hafi verið tekin til endurskoðunar, skilaði ítarlegum athugasemdum við einstakar greinar laganna og hvatti umfram allt til þess að það verði skýrt við endurskoðun laganna að jafnréttislög hafi forgangsrétt.

Umsögn um lengingu fæðingarorlofs

5. mars 2018 skilaði Kvenréttindafélag Íslands inn umsögn um frumvarp til laga um lengingu fæðingarorlofs.

Kvenréttindafélagið fagnaði frumvarpinu sem kvað á um lengingu fæðingarorlofs í tólf mánuði en kom á framfæri þeirri skoðun sinni að réttindum á vinnumarkaði eigi ekki að deila með öðrum og telur því eðlilegt að hvort foreldri um sig eigi sex mánaða sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Félagið benti einnig á að nauðsynlegt væri að brúa bilið milli þessarar fæðingar- og foreldraoflofi lýkur og þegar daggæsla barna er tryggð.

Umsögn um jafnréttisstefnu lífeyrissjóða

5. mars 2018 skilaði Kvenréttindafélag Íslands inn umsögn um frumvarp til laga um jafnréttisstefnu lífeyrissjóða, að lífeyrissjóðir skuli setja sér jafnréttisstefnu er nái til fjárfestinga sjóðanna.

Kvenréttindafélag Íslands lýst yfir almennri ánægju með frumvarpið og hvatti til þess að það næði fram að ganga.

Umsögn um breytingu á almennum hegningarlögum (stafrænt kynferðisofbeldi)

5. mars 2018 skilaði Kvenréttindafélag Íslands inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, stafrænt kynferðisofbeldi.

Kvenréttindafélagið fagnaði því að frumvarpið væri lagt fram en taldi að töluverðar breytingar þyrfti að gera á því svo sem að færa stafrænt kynferðisofbeldi í XXII. kafla hegningarlaganna um kynferðisbrot og að fella ekki ákvæðið gegn þessu ofbeldi undir 210. grein laganna sem tekur á klámi þar sem stafrænt kynferðisofbeldi sé ekki klám. Einnig benti félagið á að ekki mætti gera ólögmætar myndbirtingar sem sýni nekt einstaklinga þegar myndbirtingin er í almannahag.

Umsögn um styttingu vinnuvikunnar

26. mars skilaði Kvenréttindafélag Íslands inn umsögn um breytingu á lögum um 40 stunda vinnuviku, stytting vinnuvikunnar

Kvenréttindafélagið studdi efni frumvarpsins og hvatti auk þess til þess að markvisst verði unnið að því að kortleggja hvernig stytting vinnuvikunnar geti nýst sem verkfæri til að útrýma launamun kynjanna á Íslandi.

Umsögn um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (tíðavörur og getnaðarvörur)

30. apríl 2018 skilaði Kvenréttindafélag Íslands inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, tíðavörur og getnaðarvörur.

Kvenréttindafélagið studdi heilshugar frumvarpið og taldi sjálfsagt og eðlilegt að tíðavörur og getnaðarvörur falli í lægra þrep virðisaukaskatts. Einnig benti félagið á að smokkar falli nú þegar í lægra þrep virðisaukaskatts.

Umsögn um drög að frumvarpi til laga um þungunarrof

7. október 2018 skilaði Kvenréttindafélag Íslands inn umsögn um drög að frumvarpi til laga um þungunarrof.

Kvenréttindafélagið studdi frumvarpið og var í meginatriðum sátt við drögin en gerði þó einstaka athugasemdir. Félagið benti á að mikilvægt væri að tryggja að ungt fólk sem ekki hefur náð lögaldri hafi rétt til að rjúfa þungun án leyfis foreldra eða annarra forráðamanna. Einnig væri mikilvægt að tryggja að heimilt væri að rjúfa þungun eftir 18. viku ef heilsu þungaðrar konu er stefnt í hættu við áframhaldandi þungun. Félagið tók undir þau sjónarmið að mörkin við þungunarrof skuli færð til loka 22. viku. Félagið lýsti jafnframt yfir áhyggjum af orðalagi um að

áður en þungunarrof skuli framkvæmt „skal skýra konu frá áhættu samfara aðgerðinni“ og benti á að samsvarandi orðalag væri misnotað í ýmsum fylkjum Bandaríkjanna, t.d. til að letja konur frá því að rjúfa þungun.

Umsögn um breytingu á skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum

29. október 2018 skilaði Kvenréttindafélag Íslands inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum.

Kvenréttindafélagið lýsti yfir stuðningi við breytingu á þeim lögum sem tilgreind voru í frumvarpinu til þess að jafna stöðu forsjáforeldra með því að heimila lögheimilisskráningu barna hjá báðum foreldrum og gerði ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Umsögn um breytingu á almennum hegningarlögum (stafrænt kynferðisofbeldi)

27. nóvember 2018 skilaði Kvenréttindafélag Íslands inn umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, stafrænt kynferðisofbeldi.

Kvenréttindafélagið gerði ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins og hvatti Alþingi til að samþykkja þetta frumvarp til laga um bann við stafrænu kynferðisofbeldi.

Ályktanir, greinar og skýrslur

Kvenréttindafélag Íslands sendi frá sér þrjár ályktanir, eina skýrslu og fjórar greinar árið 2018.

4. janúar 2018 skrifaði Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir grein á ensku um jafnlaunastaðalinn og ný lög sem skylda vinnuveitendur með 25 eða fleiri starfsmönnum að innleiða hann. Greinin var skrifuð í kjölfar mikils fjölmiðlaáhuga erlendis á nýjum lögum og var birt á vefsíðu félagsins undir yfirskriftinni „Looking for information about equal pay in Iceland? All about the Equal Pay Standard“.

27. janúar 2018 skrifaði Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir grein um jafnlaunastaðalinn á ensku sem birtist í fréttariti alþjóðlegu kvenréttindasamtakanna International Alliance of Women undir yfirskriftinni „Equal Pay in Iceland: Setting a New Standard“.

17. apríl 2018 gaf Kvenréttindafélagið út ásamt ASÍ, BHM, BSRB og Kennarasambandi Íslands skýrsluna *Samtal við #MeToo konur: hvað getum við gert?*, þar sem birtar voru niðurstöður þjóðfundar #MeToo-kvenna sem samtökin héldu á árinu. Höfundar skýrslunnar voru Fríða Rós Valdimarsdóttir, formaður Kvenréttindafélagsins, Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, Jóhanna Heiðdal, Maríanna Traustadóttir og Sonja Ýr Þorbergsdóttir.

4. júní 2018 sendi stjórn Kvenréttindafélagsins frá sér minningargrein um Sólveigu Ólafsdóttur, formann Kvenréttindafélagsins 1975–1981 og heiðursfélaga síðan 2007.

19. september 2018, í kjölfar fregna sem bárust af áreitni og ofbeldi sem áttu sér stað hjá Orku náttúrunnar, skoraði Kvenréttindafélagið á atvinnurekendur að tryggja öruggt starfsumhverfi fyrir alla og hvatti stjórnendur til að skapa starfsumhverfi þar sem starfsfólk sé óhult í vinnu og njóti til sín fulls.

24. október 2018 sendi Kvenréttindafélagið ásamt fjölda annarra samtaka kvenna og launafólks frá sér yfirlýsingu á baráttufundi á Austurvelli á kvennafrídegi. Yfirlýsingin var undir yfirskriftinni „Breytum ekki konum, breytum samfélaginu“ og hvatti atvinnurekendur, stjórnvöld og samfélagið allt til að uppræta kynferðislegt ofbeldi og áreitni á vinnustað og jafna kjör kynjanna.

30. nóvember 2018 sendi Kvenréttindafélagið út yfirlýsingu í kjölfar samtals sex þingmanna sem átti sér stað á Klaustur bar og einkenndist af fyrirlitningu og fordómum í garð kvenna, fatlaðs fólks, hinsegin fólks og fólks af öðrum litahætti en hvítum. Krafðist Kvenréttindafélagið þess að þingmennirnir öxluðu ábyrgð, horfðust í augu við að þeir væru rúnir trausti og segðu tafarlaust af sér þingmennsku.

1. desember 2018 skrifaði Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra greinina „Fullveldi fyrir alla?“ sem birtist í *Fréttablaðinu* til að marka bæði alþjóðlegu herferðina „16 dagar gegn ofbeldi gegn konum“ og 100 ára afmæli fullveldis íslensku þjóðarinnar. Setti hún baráttuna fyrir fullveldi í samhengi við baráttuna fyrir kosningarétti kvenna og minnti á að enn hallaði á konur í samfélaginu, að ofbeldi gegn konum væri gróft brot á fullveldi kvenna.

Nefndir og ráð

Kvenréttindafélag Íslands á fulltrúa í ýmsum nefndum og ráðum. Aðalfundur 2018 samþykkti einróma að segja upp aðild að Landvernd en fundargestir voru hvattir til að ganga í samtökin og styðja mikilvægt starf þess. Á aðalfundi var einnig samþykkt að sækja um aðild að evrópsku samtökunum European Women's Lobby.

Árið 2018 sat Fríða Rós Valdimarsdóttir í stjórn Kvennaheimilisins Hallveigarstaða. Stjórnin öll er fulltrúi félagsins í International Alliance of Women (IAW) og Feministiskt Nätverk Norden. Hildur Helga Gísladóttir var fulltrúi félagsins í Almannaheill – Regnhlífarsamtökum frjálsra félagasamtaka og séreignarstofnana í almannabágu. Helga Dögg Björgvinsdóttir og Fríða Rós Valdimarsdóttir voru fulltrúar stjórnar Kvenréttindafélagsins í stjórn Menningar- og minningarsjóðs kvenna. Ellen Calmon var fulltrúi félagsins í Mannréttindaskrifstofu Íslands og gegndi hún hlutverki formanns framkvæmdastjórnar Mannréttindaskrifstofu á árinu. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir og Tatjana Latinovic voru fulltrúar félagsins í stjórn Mæðrastyrksnefndar.

Menningar- og minningarsjóður kvenna

Stjórn Menningar- og minningarsjóðs kvenna (MMK) var kosin á aðalfundi Kvenréttindafélagsins 29. maí 2018. Formaður Menningar- og minningarsjóðs kvenna er Huguína R. Hjaltadóttir. Aðrar í stjórn eru: Ásbjörg Una Björnsdóttir, Helga Dögg Björgvinsdóttir (tilnefnd af Kvenréttindafélaginu), Lára Aðalsteinsdóttir og Sólveig Jónasdóttir. Varamenn eru Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, Fríða Rós Valdimarsdóttir (tilnefnd af Kvenréttindafélaginu), Guðrún Andrésdóttir, Margrét Steinarsdóttir og Sonja Ýr Þorbergsdóttir.

Úr aðalstjórn viku Edythe Mangindin, Kolbrún Garðarsdóttir og Magnea Þ. Ingvarsdóttir og úr varastjórn Ásta Jóhannsdóttir og Halldóra Traustadóttir. Þökkum við þeim vel unnin störf.

MMK veitti ekki styrk árið 2018.

Jafnréttisráð

Kvenréttindafélagið deilir tveimur sætum í Jafnréttisráði með Kvenfélagasambandi Íslands og Feministafélagi Íslands. Árið 2018 sótti Tatjana Latinovic fundina fyrir hönd félagsins en varamaður allra félaganna þriggja er framkvæmdastýra félagsins, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir.

Erlent samstarf 2018

IAW – International Alliance of Women

Kvenréttindafélag Íslands hefur átt aðild að IAW – International Alliance of Women frá stofnun félagsins 1907. Árið 2014 gerði Kvenréttindafélag Íslands átak í að styrkja þessi fornu tengsl og gera starf IAW sýnilegra hér á landi. IAW gefur út fréttabréf á tveggja mánaða fresti sem er nú einnig birt á heimasíðu Kvenréttindafélags Íslands, bæði á íslenskri útgáfu síðunnar og þeirri ensku.

Ein grein frá Íslandi birtist í fréttabréfi IAW á árinu, „Equal Pay in Iceland: Setting a New Standard“ eftir Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur framkvæmdastýru.

Feministiskt Nätverk Norden

Kvenréttindafélag Íslands á aðild að Feministiskt Nätverk Norden, samráðsvettvangi sem stofnaður var í kjölfar jafnréttisráðstefnunnar Nordiskt Forum 2014. Einnig sitja í FNN Kvenfélagasamband Íslands, Sveriges Kvinnolobby (Svíþjóð), Fokus og Krisesentersekretariat (Noregur), Kvinderådet (Danmörk) og Nytkis (Finnland).

Kvenréttindafélagið skipulagði fyrir hönd FNN viðburð á NGO-CSW62 í New York 15. mars þar sem fulltrúar frá öllum kvennahreyfingum allra Norðurlandanna sögðu frá árangri og áskorunum í jafnréttisbaráttu í sínu landi. Þar fundurinn yfirskriftina „#NordicFeminisms – Dispatches from the North“ og hélt Fríða Rós Valdimarsdóttir formaður erindi og Sonja Ýr Þorbergsdóttir félagskona stýrði fundi.

European Women’s Lobby

Kvenréttindafélag Íslands sótti í mars 2018 um aðild að evrópsku samtökunum European Women’s Lobby (EWL). EWL voru stofnuð árið 1990 og eru höfuðstöðvar þeirra í Brussel. EWL eru stærstu regnhlífarsamtök kvennahreyfingarinnar í Evrópu. Kvennasamtök í 30 löndum eiga aðild að samtökunum sem og 19 samtök sem starfa á evrópskum vettvangi. EWL tengir saman kvennahreyfingar í þjóðríkjum Evrópu til að vera þrýstiafl fyrir kvenréttindi og jafnrétti kynjanna meðal almennings og innan evrópskra stofnanna.

Í febrúar 2019 var aðildarumsókn Kvenréttindafélagsins samþykkt af stjórn EWL. Ein samtök í hverju landi hafa sæti í stjórn samtakanna og kosningarétt á aðalfundum EWL. Er þessum aðildafélögum ætlað að vera tengiliður annarra félagasamtaka við EWL. Kvenréttindafélag Íslands bætist í hóp þessara tengiliða.

CSW – Fundur Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna

Fulltrúar Kvenréttindafélags Íslands sóttu fund Kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna 12.–23. mars 2018 og var ferðin styrkt af velferðarráðuneytinu. Fríða Rós Valdimarsdóttir og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir sóttu fundinn fyrir hönd Kvenréttindafélagsins. Þetta var í 62. skipti sem fundurinn var haldinn og voru meginumfjöllunarefni hans annars vegar áskoranir og tækifæri til að ná kynjajafnrétti og stuðla að valdeflingu kvenna og stúlkna í dreifbýli og hins vegar þátttaka og aðgengi kvenna að fjölmiðlum og upplýsinga- og samskiptatækni, hvaða áhrif þessir þættir hafi á líf kvenna og hvernig nota megi þá til stuðla að framgangi þeirra og valdeflingu.

Kvenréttindafélagið tók þátt í skipulagningu hliðarviðburðar á fundinum ásamt Alþingi og UN Women. Bar fundurinn yfirskriftina „Digital Gender Violence and Hate Speech: Role of Men, the Legislator and the Implications for Democracy“ og var haldinn 12. mars. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir var fundarstjóri.

Jafnréttissjóður Norrænu ráðherranefndarinnar – NIKK

West-Nordic Feminist Network

Kvenréttindafélag Íslands sótti um styrk til jafnréttissjóðs Norrænu ráðherranefndarinnar til að stofna vest-norrænt tengslanet femínista. Verkefnið bar yfirskriftina „West-Nordic Feminist Network“ og var megingangur að styrkja femínista í Færeyjum og Grænlandi. Aðalumsækjandi var Kvenréttindafélagið og meðumsækjendur voru Kvindesamfundet í Danmörku og Damudomi í Færeyjum. Þrátt fyrir mikla leit fundust ekki samtök á Grænlandi til að taka þátt í umsókninni.

Verkefnið fékk ekki styrk og þegar leitað var eftir rökstuðningi kom fram að vöntun á meðumsækjanda í Grænlandi vó þungt. Voru samtökin þrjú sammála um að halda áfram að leita að grænlenskum samstarfsaðila og sækja aftur um styrk til að stofna vest-norrænt tengslanet femínista 2019.

Jämställt föräldraskap

Kvenréttindafélag Íslands er þátttakandi í verkefninu „Jämställt föräldraskap“ sem er ætlað að vekja athygli á og hvetja til jafns fæðingarorlofs beggja foreldra og hlaut styrk árið 2017. Verkefninu stýrir Sveriges Kvinnolobby en auk Kvenréttindafélagsins tekur Norges Kvinnelobby þátt í því. Kvenréttindafélagið hafði enga aðkomu að verkefninu á árinu en það stendur enn yfir.

Óháð upplýsingagjöf til innlendra og erlenda aðila um jafnréttismál á Íslandi

Kvenréttindafélag Íslands átti í miklum samskiptum við erlenda og innlenda fjölmiðla og aðra aðila á tímabilinu 1. október 2017–1. október 2018.

Fyrirspurnir símleiðis og gegnum netpóst

Fulltrúar félagsins svöruðu ýmsum fyrirspurnum, bæði símleiðis og í gegnum tölvupóst, frá erlendum aðilum, s.s. stjórnmalafólki, embættisfólki, fræðafólki, nemendum og einkaaðilum, m.a. frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Brasilíu, Danmörku, Hollandi, Íslandi, Japan, Kanada, Spáni og Ungverjalandi.

Fyrirlestrar og kynning á jafnréttismálum fyrir erlenda gesti

Kvenréttindafélagið tók á móti fjölda erlendra gesta, bæði einstaklingum og hópum, á heimili sínu á Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum og kynnti fyrir þeim jafnréttismál á Íslandi. Gestir voru aðallega á vegum háskóla, stéttarféлага, stjórnvalda og kvannahreyfinga og komu m.a. frá Ástralíu, Bandaríkjunum, Danmörku, Írlandi, Japan, Kína, Nýja Sjálandi, Póllandi og Spáni.

Samskipti við fjölmiðla

Meginþorri fyrirspurna kom þó frá fjölmiðlum. Fulltrúar félagsins fóru í fjöldamörg fjölmiðlaviðtöl um ýmis málefni, sérstaklega um ný lög um jafnlaunastaðal og um kvennafrí. Höfð voru samskipti við fjölmiðla í um 120 skipti á tímabilinu, spurningum svarað í tölvupósti, aðstoð var veitt við að skipuleggja heimsóknir til landsins og farið var í viðtöl í sjónvarpi, útvarpi, prentmiðlum og á vefmiðlum.

Fjölmiðlafárið var svo mikið á tímabili í janúar og febrúar 2018 að listi Kvenréttindafélagsins yfir samskipti við fjölmiðla er gloppóttur en við höfum skráð a.m.k. 121 fjölmiðil sem við höfum átt samskipti við á tímabilinu 1. október 2017 til 1. október 2018. Rætt var við fjölmiðla frá Argentínu, Ástralíu, Austurríki, Bandaríkjunum, Brasilíu, Bretlandi, Danmörku, Frakklandi, Hollandi, Íslandi, Ítalíu, Japan, Kanada, Kólumbíu, Panama, Póllandi, Qatar, Spáni, Sviss, Svíþjóð, Úkraínu og Þýskalandi.

Fulltrúar félagsins fóru í sjónvarpsviðtöl hjá eftirfarandi sjónvarpsstöðum: ORF í Austurríki; ástralska ríkissjónvarpinu ABC; CNN International; NBC News og VOX í Bandaríkjunum; Globo TV í Brasilíu; BBC World News og ITV news í Bretlandi; danska ríkissjónvarpinu DR; sænska ríkissjónvarpinu SVT; hollenska ríkissjónvarpinu NPO; franska ríkissjónvarpinu France 2; Euronews, Spíce, Métropole Télévision og France 24 í Frakklandi; NOS í Hollandi; Stöð 2 á Íslandi; ítalska ríkissjónvarpinu Rai; CTV í Kanada; Al Jazeera English í Qatar og Radio Free Europe/Radio Liberty í Úkraínu.

Fulltrúar félagsins fóru í útvarpsviðtöl hjá eftirfarandi útvarpsstöðvum og hlaðvörpum: útvarpsstöðvarnar WCRX-FM, NPR og PRI og hlaðvörpin Columbia Covers og Columbia College Chicago í Bandaríkjunum; BBC í Bretlandi; hlaðvarp Önnu Trap og hlaðvarp Kayleigh Leijgraaf og Fay Selten í Hollandi; Radio France Internationale í Frakklandi; hlaðvarpið Radio Bullets á Ítalíu; Rás 1 og Rás 2 á Íslandi; CJAD 800 í Kanada; La FM National Radio Colombia í Kólumbíu; og Radiotelevisione Svizzera í Sviss.

Fulltrúar félagsins fóru í viðtöl hjá eftirfarandi prent- og vefmiðlum: *El Cronista* í Argentínu; *Womankind Magazine* og *Marie Claire* í Ástralíu; *The New York Times*, *Bloomberg Law*, *CS Monitor*, *Pixel Project*, *NBC* og *Globe Post* í Bandaríkjunum; *Nexo* og *G1* í Brasilíu; *The Guardian* og *Huffington Post UK* í Bretlandi; *Agence France-Presse*, *CCAS*, *Euronews*, *Le Monde*, *Les Nouvelles News* og *Les Echos Start* í Frakklandi; *Morgunblaðið* og *Vinnan.is* – vefrit

ASÍ á Íslandi; *Canadian Press* og *Gazette des femmes* í Kanada; *La prensa* í Panama; *Ara* og *El Confidencial* á Spáni; *Tidningen Chef* og *Nikk.no* í Svíþjóð; og *Noizz.de* í Þýskalandi.

Ótalin er hér aðstoð sem veitt var erlendum fjölmiðlum við að skipuleggja heimsóknir til Íslands og aðstoð sem þeim var veitt í gegnum tölvupóst, s.s. að finna fyrir þá tölulegar og sögulegar upplýsingar um stöðu íslenskra jafnréttismála og koma þeim í samband við viðmælendur á Íslandi.

Ómæld eru margfeldnisáhrif þessara samskipta Kvenréttindafélagsins við fjölmiðla en viðtöl sem birtust við fulltrúa félagsins á erlendum vettvangi voru oft tekin upp í umfjöllun annarra fjölmiðla sem ekki höfðu beint samband við félagið.

Félagar í Kvenréttindafélagi Íslands

Sólveig Ólafsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands 1975–1981 og heiðursfélagi, lést 1. júní 2018. Sólveig tók sæti í stjórn Kvenréttindafélagsins 1972 og var kjörin formaður félagsins 1975, aðeins 27 ára að aldri. Er hún yngsta konan til að gegna embætti formanns Kvenréttindafélagsins og einnig meðal þeirra kvenna sem hvað lengst hefur gegnt formennsku. Árið 2007 var hún kjörin heiðursfélagi í Kvenréttindafélagi Íslands.

Heiðursfélagar eru Vigdís Finnbogadóttir, Sigríður Th. Erlendsdóttir og Björg Einarsdóttir.

Kvenréttindafélög og önnur félög sem vinna að sambærilegum stefnumálum geta orðið aðildarfélög í Kvenréttindafélagi Íslands. Árið 2018 sóttu tvö félög um aðild að Kvenréttindafélaginu og voru samþykkt af stjórn félagsins: W.O.M.E.N. in Iceland – Samtök kvenna af erlendum uppruna og Druslubækur og doðrantar. Þessi tvö félög eru fyrstu aðildarfélögin til að ganga í Kvenréttindafélag Íslands í kjölfar lagabreytinga sem samþykktar voru á lands- og aðalfundi 2015 þegar Kvenréttindafélaginu var breytt úr landsfélagi í almenn félagasamtök.

Féлагаöflun gekk vel á árinu en félögum fjölgaði þó lítið því að tekið var til í félagaskrá og þeir teknir af skránni sem ekki höfðu greitt árgjöld í fjögur ár eða lengur. Í árslok 2014 voru félagar 448. Í árslok 2015 voru félagar 540. Í árslok 2016 voru félagar 572. Í árslok 2017 voru félagar 640. Í árslok 2018 voru félagar 663.